

Fundargerð

2. fundur svæðisráðs um gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum.
16. september 2019 kl. 10.00 í húsi Austurbrúar, Búðareyri 1, Reyðarfirði

Mætt:

Stefán Gíslason (SG) formaður svæðisráðs, stýrði fundi.

Aðrir fulltrúar svæðisráðs: Jón Björn Hákonarson (JBH), Gauti Jóhannesson (GJ), Skarphéðinn Smári Þórhallsson (SSP), Ásta Einarsdóttir (ÁE) og Ásta Þorleifsdóttir (ÁÞ). Erla Sigríður Gestsdóttir (ESG) tók þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað en vék af fundi kl. 11.30.

Frá Skipulagsstofnun: Ásdís Hlökk Theodórsdóttir (ÁHT), Ester Anna Ármannsdóttir (EAÁ) og Hrafnhildur Bragadóttir (HB) sem ritaði fundargerð.

Jón Þórðarson, sem boðaður hafði verið á fundinn sem varamaður Elfu Hlinar Pétursdóttur, boðaði forföll.

Gestir: Kristín Ágústsóttir frá Náttúrustofu Austurlands og Jóna Árný Þórðardóttir frá Austurbrú.

Dagskrá fundar:

1. Undirbúnингur lýsingar fyrir gerð strandsvæðisskipulags

EAÁ kynnti vinnu við undirbúnung lýsingar fyrir gerð strandsvæðisskipulags, þ.a.m. hvernig vinnu við öflun grunnupplýsinga á svæðinu verður háttað og hvaða nálgun verður lögð til grundvallar við samráð um lýsingu. Áætlun Skipulagsstofnunar gerir ráð fyrir að drög að lýsingu verði kynnt svæðisráði með tölvupósti í fyrri hluta nóvember sem hafi þá u.p.b. tvær vikur til þess að fara yfir drögin og senda ábendingar til Skipulagsstofnunar. Í framhaldi af því fái ráðgefandi aðilar (fagstofnanir og vatnsvæðisnefndir) drögin send með tölvupósti og hafi tækifæri til þess að fara yfir drög að lýsingu og koma með ábendingar. Í kjölfarið verði haldinn sameiginlegur fundur svæðisráðs og samráðshóps í byrjun desember þar sem lýsing verði kynnt og í kjölfarið afgreidd af svæðisráði.

Svæðisráð samþykkti framangreinda tillögu að tímaáætlun og verklagi. Rætt var um kynningar- og samráðsfundi sem haldnir verða á svæðinu í janúar, annars vegar fund með sveitarstjórnun og hafnarstjórnun og hins vegar opinneskun með almenningi og hagsmunaaðilum. Fram kom að líklega væri nægjanlegt að funda á einum stað á svæðinu en ekki var ákveðið hvar. SG nefndi að æskilegt væri að einhverjir fulltrúar svæðisráðs sitji kynningar- og samráðsfundi hverju sinni, en að ekki verði um að ræða formlegan fund svæðisráðs.

Gert er ráð fyrir að næsti fundur ráðsins verði haldinn á Austfjörðum þar sem meirihluti fundarmanna á þeim fundi verður líklega frá svæðinu vegna þátttöku samráðshóps. Ákveðið var að Skipulagsstofnun muni senda fulltrúum svæðisráðs könnun um heppilegan fundartíma í gegnum Doodle og er stefnt að því að halda fund á tímabilinu 28. nóvember til 5. desember nk.

2. Reglugerð um gerð strandsvæðisskipulags

EAÁ kynnti drög að reglugerð um gerð strandsvæðisskipulags sem unnin hafa verið í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og voru birt í samráðsgátt stjórnvalda 13. september sl. Frestur til að gera athugasemdir við drögin er til 4. október nk. Ákveðið var að svæðisráð geri ekki sameiginlega athugasemd við drögin heldur muni hver fulltrúi fyrir sig gera athugasemd ef hann svo kýs.

Rætt var um starfsreglur ráðsins sem settar eru fram í reglugerðardrögunum, m.a. um ákvæði reglugerðardraganna um tíðni funda svæðisráðs. Fram komu efasemdir um ákvæði um að ráðið skuli funda a.m.k. þrisvar á ári, enda kunni þeir fundir að vera óþarfir ef skipulagsgerðin er afstaðin.

Rætt var um samspli strandsvæðisskipulagsins og starfsemi á landi, t.d. iðnaðarsvæði sem gert er ráð fyrir í aðalskipulagi, og fjallað um hugsanlega árekstra þessara áætlana. Fram kom að ef sveitarfélag telur þörf á breytingum á strandsvæðisskipulagi vegna fyrirhugaðra breytinga á skipulagsáætlunum sveitarfélaga sé, í samræmi við 14. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða, hægt að taka það upp við ráðherra. Í slíkum tilfellum sé ráðherra skyld að óska eftir því við svæðisráð að það endurskoði strandsvæðisskipulag og geri tillögu um breytingu telji það þörf á því.

Hádegishlé

3. Nýlegar breytingar á fiskeldislögum

ÁE kynnti breytingar á fiskeldislögum nr. 71/2008 sem samþykktar voru á Alþingi með lögum nr. 101/2019 20. júní sl. Áhersla var lögð á þær breytingar sem tengjast skipulagi haf- og strandsvæða, m.a. ákvæði um skiptingu fjarða eða hafsvæða í eldissvæði. Fram kom að unnið væri að samningu reglugerða sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er skyld að setja samkvæmt lögunum og að stefnt sé að því að birta drög að þeim í samráðsgátt stjórnvalda á næstu mánuðum.


Rætt var um vinnu Hafrannsóknastofnunar samkvæmt heimild í 4. gr. a. fiskeldisлага.

4. Kynningar á skipulagssvæðinu

Kristín Ágústsdóttir forstöðumaður Náttúrustofu Austurlands kynnti starfsemi Náttúrustofunnar og fjallaði um náttúrufar og umhverfi skipulagssvæðisins. Hún lýsti m.a. verndarsvæðum, laxveiði, jarðfræði, landslagi, dýralífi, friðuðum og friðlýstum svæðum og vistgerðum svæðisins.

Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri Austurbrúar kynnti starfsemi Austurbrúar og helstu númerandi og fyrirhugaða atvinnustarfsemi á skipulagssvæðinu. Hún fjallaði m.a. um íbúaþróun, efnahagsþróun, ferðaþjónustu og helstu atvinnugreinar svæðisins, og veitti jafnframt yfirlit yfir helstu númerandi not strandsvæða á Austfjörðum. Hún upplýsti að nú stæði yfir vinna við endurskoðun á Sóknaráætlun Austurlands þar sem m.a. verður fjallað um umhverfismál.

Kynningar verða aðgengilegar á vefsíðu svæðisráðsins.



2/3

5. Önnur mál

JBH upplýsti að verið væri að endurskilgreina mörk hafnarsvæða í Fjarðabyggð á þann hátt að þau miðist við fjarðamynni.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 15:50.

Undirritun fundargerðar



Stefán Gíslason



Jón Björn Hákonarson



Gauti Jóhannesson



Ásta Þorleifsdóttir



Skarphéðinn Smári Þórhallsson



Asta Einarsdóttir